



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Þórður Björnsson
bæjarfulltrúi og ríkissaksóknari

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 110

Þórður Björnsson

(1916-1993)

bæjarfulltrúi og ríkissaksóknari

Æviágrip

Þórður Björnsson var fæddur í Reykjavík þann 14. júní 1916 og lést hann þann 21. mars 1993. Hann var sonur hjónanna Björns Þórðarsonar (1879-1963) lögmanns og síðar forsætisráðherra og Ingibjargar Ólafsdóttur Briem húsfreyju (1886-1953). Þórður kvæntist árið 1960 Guðfinnu Guðmundsdóttur (f.1931).¹

Þórður var fæddur í húsinu við Vesturgötu 22 í Reykjavík. Fjölskyldan fluttist þegar Þórður var á fyrsta ári, á Spítalastíg nr. 3 í hús sem foreldrar hans keyptu. Dóra systir Þórðar², var fædd í því húsi árið 1917. Árið 1928 lét faðir hans reisa nýtt framtíðarheimili fyrir fjölskyldu sína, sem nú stendur við Hringbraut 22 en var þá Bjarkargata nr.16. Þórður ólst því upp í Þingholtunum í Reykjavík



fram að 12 ára aldri er þau fluttu í húsið við Hringbrautina sem síðar varð heimili Þórðar og Guðfinnu eiginkonu hans. Miðbær



Reykjavíkur voru því heimahagar Þórðar alla tíð. Í Þingholtunum liðu bernskuárin og átti Þórður þar marga leikfélaga. Nokkrir þeirra urðu síðar bekkjarbræður hans í MR s.s. Thorolf Smith, blaðamaður, Bjarni Konráðsson, læknir, Már Ríkharðsson; svo fáeinir séu nefndir. Sem ungur maður stundaði Þórður frjálsar íþróttir. „Skautaiþróttin var þó hans eftirlæti, enda stutt niður að tjörninni. Hann var félagi í Ármanni og Skautafélagi Reykjavíkur og var sagður svo leikinn í skautahlaupi að hann gat skrifað nafn sitt á ísinn.

Þórður lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1935 en hóf svo nám í lögfræði við Háskóla Íslands þar sem hann útskrifaðist sem cand. juris árið 1940. Vegna ástandsins í heimsmálunum varð bið á að Þórður héldi utan til framhaldsnáms

¹ Agnar Kl. Jónsson. Lögfræðingatal. 1736-1963. Reykjavík MCMLXIII, bls. 638

² Dóra var fædd þann 4. nóvember 1917. Hún fluttist síðar til Danmerkur.

og hóf hann störf sem fulltrúi lögmannsins í Reykjavík strax að loknu námi (1940-1941) en varð síðar fulltrúi sakadómarans í Reykjavík frá 1941-1961. Strax að loknu stríðinu eða um haustið 1945, fékk Þórður eins árs leyfi frá störfum og hélt utan til þess að kynna sér sérstaklega refsirétt og réttarfar í opinberum málum í Stokkhólmi, en þó einkum London. Dvaldi hann þar fram á haust árið 1946 en snéri aftur til fyrri starfa við embættið þegar heim kom. Í London sótti Þórður námskeið og naut leiðsagnar sérfræðinga bresku lögreglunnar hjá Scotland Yard. Einnig sótti hann námskeið í ensku fyrir útlendinga í Pitman's College.

Þórður sat í bæjarráði árin 1956-1957, í hafnarstjórn 1958-1962 og í flugráði 1947-1975. Hann var í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1963-1970 og dómarafélags Íslands 1964-1968. Þórður var varaformaður sambands ungra framsóknarmanna 1938-1941 og formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur 1953-1955 og sat í miðstjórn Framsóknarflokksins 1953-1963.

Þórður var sakadómari í Reykjavík 1961-1964, yfirsakadómari frá 1964-1973 og loks skipaður ríkissaksóknari frá 1970 til 1993. Samhliða lögfræði- og dómaraströfum kenndi Þórður við lögfræðideild Háskóla Íslands á árabílinu 1970-1975.

Á þessum árum byrjaði Þórður jafnframt fyrir alvöru að verða sér úti um fágætar bækur sem síðar voru uppistaðan í ferðabókasafni hans. Þórður fór m.a. til Parísar í júlí 1946 og Amsterdam í ágúst sama ár í þeim tilgangi að kaupa bækur og ekki síst skoða mannlífið og drekka í sig menningu viðkomandi þjóða.

Þórður Björnsson hlaut stórriddarakross íslenska ríkisins þann í júní 1975.

Formáli Sigríður Björk Jónsdóttir, 2009.

Um skjalaskrána.

Skráin skiptist í þrjá hluta: Námsár, bæjarfulltrúinn og ríkisaksóknari og svo persónuleg gögn og fjölskyldan, þriðji hlutinn fjallar um ýmis fræðastörf og ritgerðir Þórðar.

Lýsing á þeim öskjum sem innihalda umræður í bæjarstjórn Reykjavíkur er engan vegin tæmandi heldur má líta á þær sem punkta um hvað var rætt. Oft á tíðum eru einungis um minnispunkta að ræða og því erfitt að geta sér til um hvaða meðferð málið fékk. En í þeim tilfellum, má vísa á umræður í bæjar- og borgarstjórn.

Guðfinna Guðmundsdóttir, færði Borgarskjalasafni safn Þórðar, eiginmanns síns, 13. janúar 1998, 19. janúar 1999 og 27. janúar 2000. Guðfinna færði safninu fleiri skjöl 3. febrúar 2003 og 1. október 2003. Þá bættist við safnið 4. júní 2004, 26. ágúst og 21. október 2009, 24. nóvember 2011 og loks 15. desember 2012.

Sjá einnig E-180, skjalasafn Guðfinnu Guðmundsdóttur og E-407, Björn Þórðarson, fv. forstjóri og forsætisráðherra.

Tímabil 1958-1998

Skjalaskrá

Fyrsti hluti: Námsár, bæjarfulltrúi og saksóknari.

Askja 1-1

Örk 1

Gjafabréf Guðfinnu Guðmundsdóttir, eiginkonu Þórðar Björnssonar, dags. 9. janúar 1998 til Skjalasafns Reykjavíkurborgar, Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

Örk 2

Einkunnabækur Þórðar Björnssonar 1926-1935.

Einkunnabók í Barnaskóla Kennaraskólans 1926-1927 (10 ára).

Einkunnabók í Barnaskóla Kennaraskólans 1927-1928.

Einkunnabók í Barnaskóla Reykjavíkur 1928-1929.

Einkunnir í I. bekk Gagnfræðadeildar Reykjavíkur alm. mentaskóla 1929-1930.

Einkunnir í II. bekk Gagnfræðadeildar Reykjavíkur alm. mentaskóla 1930-1931.

Einkunnir í III. bekk Gagnfræðadeildar Reykjavíkur alm. mentaskóla 1931-1932.

Einkunnir í 1. bekk A Lærdómsdeildar Reykjavíkur alm. mentaskóla 1932-1933.

Einkunnir í 2. bekk Lærdómsdeildar Reykjavíkur alm. mentaskóla 1933-1934.

Einkunnir í 3. bekk Lærdómsdeildar Reykjavíkur alm. mentaskóla 1934-1935.

Örk 3

Stutta sögur, uppskriftir Þórðar 9 ára, skriftaræfingar.

Litla skriftarbókin eftir Steingrím Arason (1922), Þórður Björnsson 9. ára.

Ölkeldan. Skrifað í nóvember 1925, Þórður Björnsson, Spítalastíg 3.

Stílar o.fl. Þór. Björnsson, heiðursbekk.

Stílar o.fl. m.a. ferðasaga. Ferðir til Helsingör og Hilleröd.

Ritgerð ferð til útlanda o.fl. 1926.

Hefti með ferðasögu 1926 og um kjörna þingmenn 1927

Uppskriftir, ritæfinga, kvæði, smælki 1927.

Litabók. Þ. B. efrideild Barnaskóla Kennaraskólans 1927-1928.

Skrifbók með forskriftum, 2. hefti eftir Jón Þórarinnsson.

Atlas over hele verden. Alle Jordens lande paa 14 Kort.

Sögukort fyrir börn og unglinga ... 1912, hluti.

Örk 4

Þýskir stílar (óvíst úr hvaða bekk).

Saga, stílar úr I. bekk Menntaskólans.

Íslenskir stílar, ritgerðir o.fl. úr II bekk Menntaskólans.

Ritgerðir, saga og stílar, úr II. bekk Menntaskólans (tvær bækur).

Íslenskir stílar o.fl. úr III. bekk Menntaskólans.

Stundaskrár I. – II. bekkjar Menntaskólans 1930-1932 og ein ómerkt.

Lög Framtíðarinnar (nemendur lærdómsdeildar hins almenna menntaskóla). samþykkt á aðalfundi 1933.

Örk 5

Enskur stíll og sennilega þýðing úr ensku.

Íslenskir stílar og ritgerðir ca. 1930-1931.

Íslenskir stílar IV. bekk A, Menntaskóla.

Íslenskir stílar V. bekk A, Menntaskóla.

Örk 6

Úrval 1934-1935, stílabók með spakmælum Þórðar og annarra, ásamt ódagsettum miðum með málsháttum, spakmælum frá svipuðum tíma.

Smælki eftir Þórð Björnsson, sennilega 1934-1935: Málshættir, stjórnmalagreinar, ordsprog og talemaader, spakmæli o.fl.

Grein um íhaldsmenn og Jón Þorláksson, um stjórnmalin og sjálfstæðisbaráttuna. Eftirmæli kennara, sennilega bekk Þórðar (síðasta bekk menntaskólans) 3. apríl 1935.

Askja 1-2

Uppskriftabækur úr Háskóla, ræður og greinar.

Örk 1

Hlutaréttur, ein stílabók.

Hlutaréttur, refsiréttur, ein stílabók.

Hlutaréttur, sjóréttur o.fl., ein stílabók.

Uppfærsluréttur (?), ýmsar dagsetningar ein stílabók.

Örk 2

Erfðaréttur, ein stílabók.

Kröfuréttur, þrjár stílabækur.

Refsiréttur, þrjár stílabækur.

Örk 3

Nokkrar ræður og greinar eftir Þórð Björnsson.

Reykjavík, stutt yfirlit yfir sögu Reykjavíkur frá upphafi, 1961, ásamt uppkasti.

Örk 4

Bókmenntir í Bægisárstofu (uppkast).

Napóleón keisarafrændi (uppkast).

Á skemmtisnekkju vestur á Stapa (uppkast).

Fyrsti vesturheimsmaðurinn á Íslandi (uppkast).

Örk 5

Um kviðdóma I, ásamt uppkasti.

Um kviðdóma II.

Örk 6

Tækifærisræður, hátíðarræður á íslensku, dönsku og ensku.

Örk 7

Tækifærisræður, hátíðarræður á íslensku og dönsku.

Samband Íslands og Danmerkur.

Minni kvenna, í stúdentafagnaði 15. júní 1945.

Forsetakjörið 1952. (Um að fá hæfan frambjóðenda til að vera í kjöri)

Bæjarmálefni Reykjavíkur 1950 til 1962.

Askja 1-3

Örk 1

Stjórnarform bæjarins, greinargerð um flesta þætti bæjarmála (sjá efnisyfirlit).

Stjórn fjármála, greinargerð um fjármál og önnur bæjarmál Reykjavíkur.

Játning borgarstjóra, grein 1951.

Bréf frá Fulltrúaráði Framsóknarflokksins og kosninganefndar að Þórður Björnsson muni skipa 1. sætið fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, ódagsett.

Húsbyggingarsjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík, skuldabréf, vaxtamiðar og skilmálar, 7% lán, 1958.

Örk 2

Auknar álögur (grein ca. 1953-1954).

Álögur og útgjöld (grein ca. 1954).

Setning fjárlaga (grein ca. 1955-1956).

Venja brotin, grein ca. 1956 um reikninga og fjármál bæjarins.

Örk 3

Bókin hulda, grein 1957.

Hin löglausu úrsvör, grein 1958.

Fjárstjórnarloforðin, grein 1959.

Tekjuöflun gildandi laga, um verkamannabústaði.

Örk 4

Loforðin miklu (grein ca. 1955, vegna bæjarstjórnarkosninganna 1954).

Bláa bókin og bæjarreikningarnir.

Fjármálin, um *Bláu bókina*.

19 stig. 29,6 milj. kr. hækkun (ca. 1959/1960 varðandi fjármál).

Sveitarstjórnarmál, Klúbbfundur 8. janúar 1962.

Örk 5

Ýmsar ræður haldnar í bæjarstjórn og víðar ca. 1950-1954 og ódagsettar.

Örk 6

Ýmsar ræður haldnar í bæjarstjórn og víðar ca. 1952-1957 og ódagsettar.

Örk 7

Ýmsar ræður haldnar í bæjarstjórn og víðar, um bæjarmál, stjórnsmál o.fl. c.a. 1955-1959 og ódagsett. M.a.: Auður Auðuns, húsnæðismálin, um alræði sama flokks, sameiginlegur fundur Framsóknarfélaganna í Oddfellowhúsinu 12. nóvember 1957.

Örk 8

Ýmsar ræður haldnar á vegum Framsóknarflokksins um bæjarmál, stjórnsmál o.fl. 1950-1960 og ódagsett.

Askja 1-4

Ýmsar ræður Þórðar Björnssonar um bæjarmálin, landsmálin, Framsóknarflokkinn, stjórnsmál, velferðarmál o.fl. 1952 til 1962 m.a.:

Örk 1

Bæjarmálin og Framsóknarflokkurinn, flutt 22. janúar 1952.
Bæjarmál - landsmál, flutt í febrúar 1952.
Ræða flutt í hófi Framsóknarmanna 30. apríl 1952.
Nokkur baráttumál mín, ódags.
Punktur um sjálfstæðisbaráttuna í nóvember 1952.
Ræða flutt á fundi Framsóknarfélags Reykjavíkur, ódagsett.
Ræða flutt 17. nóvember 1953, um bæjarmálefni Reykjavíkur.
Ræða flutt á samkomu á Hótel Borg í febrúar 1954, fyrir þá sem unnu fyrir B-listann við bæjarstjórnarkosningarnar.
Verkfallsmálin, fulltrúaráðsfundir 1955.
Nokkrar ræður 1955-1956: Efling verkalyðs, um félagsstarfið, um fornar vættir - landvættir, lærdómar kosninganna - Framsókn tapar.
Ræða flutt á fundi Framsóknarfélaganna í Breiðfirðingabúð 26. febrúar 1956.
Ræða flutt í Sandgerði í júní 1956, um lands- og velferðarmál.
Ræða flutt í Oddfellow í júlí 1956 um Sjálfstæðisflokkinn.
Ræða flutt á Kirkjubæjarklaustri í ágúst 1956 um landsmál og Sjálfstæðisflokkinn.
Framsóknarflokkurinn 40 ára, ræða flutt 7. desember 1956.
Ræða flutt í Oddfellow 8. janúar 1957, um skipulagsmál í Reykjavík.
Ræða flutt í Oddfellow í febrúar 1957, um stjórnsmálin verðhækkarnir, verðbólgu o.fl.
Ræða flutt 1. apríl 1957 í Klúbba F.R. um minnihlutaflokkana í bæjarstjórn, samvinnu, stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins, glundroðakenninguna o.fl.
Ræða flutt á Hótel Borg 5. febrúar 1958, fyrir starfsmenn B-listans í liðnum kosningum.
Ræða í mars 1958, um kaupgjald, gengisskráningu, framleiðslu o.fl.
Ræða í apríl 1958 í Framsóknarfélagi Reykjavíkur um stjórnsmálaviðhorfið.
Bæjarmál Reykjavíkur, ódagsett.
Ræða flutt 15. mars 1959 á flokkspingi Framsóknarfélaganna.
Ræða flutt á kosningafundi 1959, Kjörorðið er *Framsóknarmaður á þing í Reykjavík*.
Ræða um V stjórnina, 1956-1958, um samstarfið, kjördæmaskipan, innan tveggja stjórnarflokkanna voru menn sem vildu stjórnina feiga, ósvífin stjórnarandstaða o.fl.
Ræða flutt í fulltrúaráði Framsóknarfélaganna í mars 1961, um bæjarmál og bæjarstjórnarkosningarnar 1958, ástandið í bænum framkvæmdir - framkvæmdaleyfi o.fl.
Ræða flutt í apríl 1961 um þéttbýlismyndun, borgaræsku, löggjöf ríkisins, fjármál, barnaverndarnefnd, æskufólk á glapstígum, vanrækt heimili, óregla, íþróttir o.fl.
Ræða flutt 17. maí 1962 í borgarstjórn, lokaræða, m.a. um vígslu verkamannahúss við höfnina og ýmis borgarmál minnihlutann - meirihlutann í borgarstjórn, neikvæð afstaða til framfaramála, spillingu, umbótaflokk í borgarstjórn, sérhagsmunamál o.fl.
Ýmsar ræður, ódagsettar:
Húsnæðismálin í Reykjavík og Framsóknarflokkurinn.
Lok stjórnarsamstarfs, sósíalista, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks 1946.
Efni í ræðu; sérhagsmunir fáeinna manna ráða öllu í bæjarstjórn Reykjavíkur.
Rekstrarhættir atvinnuveganna.
Stefnuskrá umbótaflokkanna. Kosningar 1956, Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, kosningabæklingur.
Vinna eftir málefnum. Framsóknarflokkurinn hefur það að kjörorði að vinna eftir málefnum - látum þessar kosningar valda tímamótum í stjórnsmálasögu landsins.
Frumvarp til laga um húsaleigu.
Ræða haldin fyrir kosningar, fjallar um íhaldið, tveir fulltrúar framsóknar í bæjarstjórn það þýðir fall íhaldsins o.fl.
Tékkasvik 1962 (Lögreglufélagið), um eignarrétt, tékkafals, fébótakrafa o.fl.

Tólf spurningar og svör, ásamt aukaspurningum, sennilega notað á samkomu.

Örk 2

Drög að ræðu vegna borgarstjórnarkosninganna 1962
Hugmyndir bresks aðalsmanns - Landvættir Íslands - framsókn til framfara.
Greinargerð Þórðar Björnssonar vegna afnáms sameiginlegra framboðsfunda.
Hvað vill Framsóknarflokkurinn? Hann vill meðal annars. Kosningabæklingur
(sennilega) 1952.
Ræða flutt á norrænu lögfræðingamóti í Danmörku 1975. Embætti ríkissaksóknara
25 ára.
Árnað heilla. Ávarp flutt á fjörutíuára afmæli Lögreglufélags Reykjavíkur.

Ýmsar greinar eftir Þórð Björnsson o.fl. Möppur I-IV eru í öskju I-10.

Örk 3

V. mappa m.a.: Sáttasemjari í vinnudeilum, sjómannaverkföllin 1929, kjaradeilur á
kreppuárum.

Örk 4

VI. mappa m.a.: Sáttastörf á styrjalðarúmum, ummæli, ritgerðir um ýmis hugðarefni,
sextugsafmæli o.fl.

Plaggat, sem var unnið vegna sýningarinnar Rammíslenskur heimsborgari, sett upp í
Borgarskjalasafn á Menningarnótt 2009.

Reikningar, sektaruppgjör, samningur um afnot o.fl. 1965-1992.

Askja 1-5

*Umræður í bæjarstjórn, tillögur, bréf, minnisblöð, greinagerðir, tölfraði,
blaðaúrklippur o.fl. 1950-1952*

Örk 1

Málasafn 1950, umræður á bæjarstjórnarfundum janúar - júní.

Umræður 16. febrúar.

Minnisblað.

Umræður 2. mars.

Pylsusalan í Austurstræti: um að leyfa sölu á pylsum og mjólk í Austurstræti.

Umræður 16. mars.

Bréf, nefnd Útvegsmannafélags Reykjavíkur, dags. 17. október 1949.

Um erindi útvegsmanna í 5 liðum, lækkun leigu á hafnargjöldum og á nýju
verbúðunum við Grandagarð.

Um fjárhagsáætlun, útsvör, útgjöld, tekjur og framlög til ýmissa mála og halla á rekstri
stofnana.

Umræða 16. apríl.

Um að ríkið kaupi húsið Grjótagötu 4 og nærliggjandi lóðir vegna hugsanlegs
bæjarstæðis

Ingólfs Arnarsonar á lóðunum og til að reisa þar opinbera byggingu við hæfi.
Spurningar um skipið Hæring, greiðslu trygginga, hafnargjöld, hugsanlega legu utan
Reykjavíkurhafnar o.fl.

Umræða 4. maí.

Um brunamál, lög um brunamál í Reykjavík frá 1875, heildarlög frá 1907,
brunareglugerð o.fl.

Umræða 1. júní.

Um húsaleigunefnd, skipuð samkvæmt nýju húsaleigulögunum, ásamt álitsgerð
hagfræðings bæjarins um áhrif laganna varðandi íbúðarhúsnæði hér í bæ.
Um verðlag í verkamannaskýlinu og að veitingamaður ráði því eða hafi íhlutunarrétt.
Um útisölu á vissum svæðum í bænum á nýju hrognkelsi. Fyrirspurnir af
mjólkurmálinu.

Umræða 15. júní.

Atvinna unglinga, bæjarfélaginu ber skylda til að bæta úr fyrir unglingum.
Um fullnaðarákvörðun um sölu 100 fyrstu íbúðanna í Bústaðavegshúsunum. 10
spurningar vegna úthlutun bæjarráðs húsanna 6. júní.
Umræður 5. júlí.
Leiga Hærings hf., um samþykktir, tekjur, reikningar, þátttaka í félaginu o.fl.
Aðalfundur Hærings óskar eftir að Síldarverksmiðja ríkisins og bæjarráð Reykjavíkur
taki skipið á leigu og samningur þessara aðila um leiguna, dags. 21. júní 1950

Örk 2

Málasafn 1950, umræður á bæjarstjórnarfundum ágúst til desember.

Umræða 17. ágúst.

Strætisvagnar í Reykjavík, umræður 17. ágúst 1950. Greinargerð um úthlutun 100
íbúða við Bústaðaveg, um heilsuspillandi húsnæði, ásamt öðrum málum því tengdum.

Umræður 7. september.

Tekjur, gjaldskrár, breytingatillögur, Rafveitan, o.fl.
Rænulaus maður, úr blaðagrein, 5. október: Lögregla kvödd til, öryggi almennings,
um lækni, læknisskoðun, greiðslu o.fl. Umræða tekin upp af Þ. B. í bæjarstjórn.
Smálönd og nágrenni.

Umræður 16. nóvember.

Um almenningssamgöngur, mannfjöldi á svæðinu o.fl.
Umræða 7. desember.
Skrá fyrir bæjarfulltrúa um fjölda starfsfólks og laun hjá Reykjavíkurbæ, stofnunum
og fyrirtækjum hans og skal því lokið fyrir fjárhagsáætlunargerð 1951.

Umræða 21. desember.

Kvíabryggja, nauðsyn vinnuhælis, flutningur þangað, skipaútgerð, fjármál, um jörðina.

Fjárhagsáætlunin 1951. Ályktunartillögur frá bæjarfulltrúum Framsóknarflokksins og breytingatillögur, ásamt úrklippu úr Morgunblaðinu. Hallalaus fjárlög verði afgreidd fyrir áramót, fjárlög ríkisins.

Örk 3

Málasafn 1951, umræður á bæjarstjórnarfundum febrúar til ágúst.

Umræða 4. janúar.

Varðandi Arnarholt, Farsóttarhús, Hvítabandsspítalann, Vöggustofuna á Hlíðarenda, Barnaheimilið Kumbaravogi, Barnadeild Laugarnesskóla, Elliðavatn.

Álit sjúkrahúsnefndar: vinnulaun, aðkeypt matvara - vöruinnkaup, fjöldi sjúklinga, fjöldi pláss, starfsfólk, halli á gjöldum o.fl.

Umræða 18. janúar.

Leiðrétting fjárhagsáætlunar, húsaleigulögin, heildarlaun starfsmanna Reykjavíkurbæjar, bæjarbókasafnið o.fl.

Umræða 1. febrúar.

Húsaleigumálið, húsaleigulögin, hagkvæmt innkaupsverð til sjúkrahúsa og vistheimila og aðgerðaleysi Innkaupastofnunar bæjarins í því efni, tillögur um innkaup o.fl.

Umræða 12. febrúar.

Um ákvæði húsaleigulaganna um leiguíbúðir og gildistöku.

Umræða 1. mars.

Bæjarstjórn ályktar að fela bæjarráði að láta rannsaka hver er heildar bensín- og olíunotkun

Reykjavíkurbæjar og fyrirtækja hans, sem Reykjavíkurbær og fyrirtæki hans kaupa. Jóhann Ólafsson til borgarstjóra, bréf 12. mars, bensín- og olíukaup Reykjavíkur og fyrirtækja hans, ásamt athugasemdum vegna umsögn Jóh. Ól. dagsett 15. mars.

Umræður 15. mars.

Einstaklingsrekstur strætisvagna og bréf nokkurra einstaklinga er vilja reksturinn, dagsett 5. mars. Hæringur; kostnaður Reykjavíkur af Hæringi, hlutafé, hafnargjöld o.fl.

Seinni úthlutun Bústaðavegshúsanna 7. júní, vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og sala þeirra.

Bréf fjárhagsráðs til borgarstjóra dags. 28. nóvember 1949 um fjárfestingaleyfi og útrýmingu íbúða.

Skúlagötuhausin, meginreglur úthlutunar, blaðagrein, 450 umsóknir bárust í 100 íbúðir.

Greinargerð 21. júní.

Reikningur Reykjavíkur 1950.

Umræða 5. júlí.

Umframáætlunarkostnaður við gatnagerðina. Áætlun Einars Pálssonar um kostnað við gatnagerð 1951 og um verklegar framkvæmdir í ljósi atvinnuleysis.

Örk 4

Málasafn 1951, umræður á bæjarstjórnarfundum september til desember.

Umræða 2. ágúst.

Breytingatillaga við frumvarp að reglugerð um Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar í Vinnumiðlunarskrifstofa Reykjavíkurbæjar. Bæjarstjórn samþykkir að færa niður svo fljótt og kostur er allan kostnað við stjórn og stjórnendeildir bæjarins og hagkvæman rekstur sjúkrahúsa og vistheimila o.fl.

Umræða 9. ágúst.

Um tekjur, kauphækkun og ýmis fjármál.

Umræða 20. september.

Ýmislegt m.a. dylgjur, draga úr verkefnum, sparnaðartillögur, fjármál o.fl.

Umræða 4. október.

Faxi, síldarverksmiðja. Um starfsemi verksmiðjunnar, stofnfjárframlög o.fl.
Verslunarálagningin, ... verðgæzlan að birta opinberlaga skrá yfir þá aðila innan Verslunarstéttarinnar sem hækka álagningu og reynst óverðugir að þeim sé treyst fyrir gjaldeyri, ásamt blaðagrein 29. september.
Strætisvagnarnir, framhald. Ráðningarskrifstofa R. um að setja ítarlegar starfsreglur fyrir starfsmenn.

Umræða 15. nóvember.

Faxaverksmiðjan, fullnaðarafköst, stofnkostnaður, stofnfé, fjármál o.fl.
Nöfn varðandi verslunarálagninguna. Sala togara, loftvarnir, blaðagrein athugun á rekstri bæjarfélaga.

Umræða 6. desember.

Um nefndarskipun og stjórnarskipun Faxa, stjórnarfundir o.fl.

Umræða 13. desember.

Kosningaloforð meirihlutans, sparnaðarnefnd, fjármál, útsvar, söluskattur o.fl.

Umræða 28. - 29. desember.

Rafveitan og hitaveitan og ýmsar stofnanir bæjarins. Farsóttarhús, Arnarholt, Hvítabandið, Kumbaravogur, Vöggustofan á Hlíðarenda. Um gatnagerð, sparnaðartillögur o.fl.
Um dýrtíðarráðstafanir.
Blaðaúrklippa, *Haldið í horfinu um verklegar framkvæmdir í Reykjavíkurbæ.*

Örk 5

Málasafn 1952, umræður í borgarstjórn janúar til júní.

Umræða 17. janúar.

Um atvinnuleysi og úrræði við því, skýrsla atvinnumálanefndar, tillögur o.fl.

Umræða 29 janúar.
Minnisblað.

Umræða 7. febrúar.
Um slysaættu á gatnamótum, skipulag miðbæjarins, lækkun útsvars o.fl.

Umræða 26. febrúar.
Þ. B. o.fl. krafa um að fela útgerðarráði tafarlausa lausn deilu við útgerðamenn.

Umræða 29. febrúar.
Um brot á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur. Um dreifingu og sölu fisks í Reykjavík. Rafmagnsveita Reykjavíkur, innheimta og fækkun starfsmanna, rafmagnshækkanir, skrifstofukostnaður. Borgarlæknir, eftirlitsmenn, bifreiðastyrkur. Samvinnunefnd um launamál.

Umræða 6. mars.
Sparnaðartillögur sendar fræðsluráði, sparnaðarnefnd, fækkun starfsmanna.

Umræða 3. apríl.
Heimilishjálpi í viðlögum, Reykjavík þanin út um holt og hæðir skipulagslaust og samgöngur því erfiðar. S.V.R. í mesta ólagi árum saman, leigubílar því nauðsynlegri en ella. Samvinnufélagið Hreyfill. Rætt um staðsetningu þeirra og uppsögn á svæði því sem Hreyfill hefur haft við Kalkofnsveg. Bréf frá bifreiðastjórum Hreyfils, dags. 31. mars 1952.

Umræða 17. apríl.
Um gjaldahækkanir. Sand- og grjótnám. Vélaleiga, Áhaldahús. Samþykkt um stjórn bæjarmálefna o.fl.

Umræða 15. maí.
Vélaleiga Áhaldahúss og taxti, verklegar framkvæmdir bæjarins, SÍS og 50 ára hátíðarhöld.

Umræða 19. júní.
Um gangstétta- og holræsagjöld, váttrygging strætisvagna. Endurskoðunardeild bæjarins falið að gera rökstuddar tillögur til bæjarstjórnar um hvernig bifreiðatryggingar verði sem hagkvæmastar.

Örk 6
Málasafn 1952, umræður í bæjarstjórn ágúst til desember.

Umræða 21. ágúst.
Óinnheimt útsvör, ýmis fyrirtæki Reykjavíkurbæjar, rekstrarútgjöld, ýmis fjármál.

Umræða 18. september.
Kaupin á Esjubergi (Þingholtsstræti), Vesturgötu 9, lög um brunamál í Reykjavík o.fl.

Umræða 2. október.

Áætlun um framkvæmdir bæjarins, aukin álagning verslunar og verðgæslustjóri. Heimilishjálpi í viðlögum. Lög um heimilishjálpi í viðlögum, um hjálpi til sængurkvenna.

Umræða 11. október.

Um bann við sauðfjárrækt, um landbúnað í Reykjavík og nágrenni, um að bændur sæti refsingu ef sauðfé þeirra gerir usla í skrautgörðum, nýting afrétta Reykjavíkur.

Umræða 16. október.

Bífreiðastyrkir, heimilishjálpi í viðlögum, strætisvagnaskýli við Laugarnes, um Bústaðavegshúsin, lögð verði áhersla á að bæjarbúum verði séð fyrir nægu drykkjarvatni, Gvendarbrunnar, vatnsskortur í Smálandahverfi, aðgerðir í málefnum Vatnsveitu Reykjavíkur.

Umræða 6. nóvember.

Um hækkun gjaldskrár hitaveituvatns, hitaveituvatni átti að vera ódýrara en kol. Fyrirspurnir Þ. B. um Faxaverksmiðjuna. Um dvöl varnarliðsmanna utan samningssvæðisins.

Gjaldskrá fyrir afnot af sorpílátum, um heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík o.fl.

Umræða 20. nóvember.

Ályktun um að fela umferðarnefnd að athuga hvaða girðingar og skúrar valdi mestri hættu og umferðarslysum. Um þau íbúðahverfi þar sem vatnsveitu eða götuholræsi vantar.

Ráðstafanir vegna ófriðarhættu og kostnaður við framkvæmdastjórn loftvarna.

Heimilishjálpi í viðlögum, um hollustuhætti, um hafnsögugjöld o.fl.

Umræða 5. desember.

Um loftvarnarnefnd, fjárhagsáætlun, um að endastöð strætisvagna verði flutt af Lækjartorgi og ný ferðatilhögun vagnanna tekin upp.

Um að sprengiefnageymslur Reykjavíkurbæjar uppfylli ekki kröfur um geymslur.

Grjótnám og sprengiefnageymslur í Laugarási við Elliðaár o.fl. stöðum í bænum.

Tillögur sparnaðarnefndar um störf lóðarskráritara, um breytingar á gjaldskrá fyrir mælingu lóða og merkingu húsgrunna, um útsvarshækkanir, tekjur, fasteignagjöld, leyfisgjöld fyrir kvikmyndasýningar, fjölgun starfsfólks, tala starfsmanna á ýmsum stofnunum, aukavinna, löggæslan, meðlög o.fl.

Umræður 30. desember.

Um tillögu Þ. B., ýmsar tillögur, gjalddagi fasteignaskatts o.fl.

Askja 1-6

Fyrirspurnir, tillögur, bréf, minnisblöð, greinargerðir, tölfræði, ræður, blaðaúrklippur o.fl. 1953-1955.

Málasafn 1953, umræður í bæjarstjórn, janúar til febrúar.

Umræða 15. janúar.

Um að niðurjöfnunarnefnd breyti útsvarsstiga við niðurjöfnun útsvara, hækkun persónuafsláttar, samþykkt um að afnema allar áfengisveitingar á kostnað bæjarsjóðs, bæði af hálfu bæjarstjórnar og borgarstjóra.

Umræða 5. febrúar.

Slysaætta á gatnamótum og lagfæring á hættulegum gatamótum.
Styrkur til Óðins. Útvegum gaddavírs og girðingastaura fyrir leiguland félagsins Óðins (félag bæjarstarfsmanna), en hafnað að leggja veg um land félagsins, geta þá öll félög fengið gjafir frá bænum?
Rafmagnsveitan; athuganir á áætlun 1952 og 1953, ýmiss og óviss útgjöld.
Strætisvargar, athuganir á gjaldaliðum áætlana 1952 og 1953.
Áhaldahúsið, rekstur, bifreiðar og vélar, eignir og fjármál.
Korpúlfsstaðir, mjólkursala, kaup, bústofn o.fl.
Gasstöðin, tekjur og gjöld, hrein eign o.fl.
Játning borgarstjóra um að bærinn ætti við örðugleika að stríða, þverrandi lánsfjármöguleikar og að útsvörin innheimtust ver með hverju ári, greinargerð 13. bls.
Hitaveitan, tekjur, gjöld.
Framfærsla, framkvæmd, meðlög,
Reykjavíkurhöfn, ýmis fjármál.
Bifreiðakostnaður.
Styrkir, ýmsar stofnanir.
Borgarstjóri um lækku útsvars, en ekki tekjuskatts *óraunhæfar sýndartillögur*.
Fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar, grein í Morgunblaðinu 6. febrúar 1953.

Örk 2

Málasafn 1953, umræður í borgarstjórn mars til 4. október.

Umræða 5. mars.

Veltuútsvör. Tillaga um útsvarsálagningu snerti aðeins einstaklinga.
Veltuútsvar var lagt á veltu fyrirtækja *eftir efnum og ástæðum* og þótti mjög ranglátur.
Að niðurjöfnunarnefnd aðskilji veltuútsvar frá öðru útsvari og geri veltuútsvar frádráttarhæft.
Leikskóli, fjárfestingarleyfi fyrir leiksskóla fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leyfið fékkst.
Bréf og tillögur Þórðar m.a. um brunamálastjórn o.fl.

Umræða 19. mars.

Skúlatún 2. lðnaðarhúsnæði, framsal hússins og afsöl, eigandi Geir Pálsson.
Hitaveitan og vatnsmagn frá Mosfellssveit og leiðslur til bæjarins.
Slökkviliðsstjóri láta fara fram ítarlega rannsókn á brunahættu í íbúðarbröggum.
Samþykkt bæjarstjórnar um að ákvæði húsaleigulaganna um leiguíbúðir, þar sem eigandi býr í öðru húsi og falla eiga niður 14. maí n. k. gildi áfram til 14. maí 1954.
Bæjarstjórn samþykkir að verðlauna þá starfsmenn bæjarins, sem koma með

tillögur sem eru til sparnaðar, auki hagsýni eða bæti starfshætti og skipulag í rekstri bæjarins.

Tilgangur húsaleigutillögunnar, hámarksleiga, bindingarákvæði (Silli og Valdi leigusalar) o.fl.

Umræða 16. apríl.

Kveldúlfur, frásögn stjórnar sannar ekki fjárhagsástand fyrirtækisins. Faxi.

Félagssamningur undirritaður milli Reykjavíkurbæjar og hf. Kveldúlfs um stofnun sameignarfélagsins Faxe í þeim tilgangi að stofna og starfrækja verksmiðju til vinnslu á 5000 síldarmálum á sólarhring með algjörlega óreyndri aðferð hér á landi.

Morgunblaðið 8. apríl, grein um málefni Kveldúlfs, Eimskips o.fl.

Umræða 4. júní.

Um uppsögn skipstjóra hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur sem uppvísir verða um landhelgisbrot.

Umræða 2. júlí.

Um bæjarreikninginn, Íhaldsfjármálaráðherrana 1939-1949, fjárhagsáætlun, greiðslujöfnuð o.fl.

Umræða 20 ágúst.

Stuttar athugasemdir og fyrirspurnir: Þjónustu bæjarins, sandhækkanir o.fl.

Umræða 3. september.

Fjármál bæjarins, kostnaður. Fyrirspurnir um: Kvíabryggju, loftvarnarnefnd og ráðstafanir

vegna ófriðarhættu, óinnheimt hitaveitugjöld, hvenær fá bæjarfulltrúar að sjá reikninga Faxe,

hvaða útgáfustarfsemi er getið í rekstrarreikningi og skrá yfir skuldunauta bæjarsjóðs.

Umræður 17. september.

Söluturnar, samþykktir, álitssgerðir, smásalar o.fl.

Umræða 4. október.

Fyrirspurnir um: Faxi, Kvíabryggju, loftvarnarkostnaður.

Tillögur Þ. B. um: Brunatryggingar fasteigna, lausafjártrygginga Reykjavíkurbæjar, um lán einstaklinga úr sjóðum bæjarins, ný tilhögun strætisvagna, að flestir verði aðnjótandi

hitaveitunnar og lagning hennar, götuhverfi og gjaldeyrissparnaður.

Um bindingaálag húsaleigulaganna, húsnæðisvandamálið og rannsókn á því.

Furðulegt tómlæti í húsnæðismálum bæjarins. Smáíbúðir, ekki meiri fólksaukning hér nú en árin áður, hlutfallslega o.fl.

Örk 3

Málasafn 1953, umræður í bæjarstjórn 10. október til desember.

Umræða 15. október.

Hættulegt ástand í húsnæðismálum, okurleiga, lánsfjárskortur, hersluspillandi

húsnæði, hálfgerðar íbúðir, ráðstafanir til úrbóta nauðsynleg, fyrirheit ríkisstjórnarinnar.

Kommar, Marshall aðstoðin, fleiri íbúðir reistar af bænum.

Tillögur að fjáröflunarleiðum: Sala skuldabréfa, aukning Tryggingarsjóðs, aukning sparifjár, stofnun sparisjóðsdeildar. Lánasjóður (Stofnun lánasjóðs um verkefni ríkisins).

Lán til húsnæðisbygginga, varanlegur lánasjóður til húsbygginga.

Lækkun byggingarkostnaðar.

Umræða 19. nóvember.

Fjárhagsáætlun 1954. Ósvaraðar fyrirspurnir Þ. B.: hitaveitumál, loftvarnir, Faxi s.f. lán til bifreiðakaupa, útboð brunatrygginga, Kvíabryggja, lóðaúthlutanir. (*barnalegar fyrirspurnir, heimskulegar fyrirspurnir!* orð látin falla á bæjarstjórnarfundinum).

Umræða 5. desember.

Smáíbúðaleyfi. Kosningar í nánd. Loftvarnakostnaður, holræsaframkvæmdir. Skortur á vatni sérstaklega í úthverfum er alvarlegt vandamál, sérstaklega í holræsum.

Hollustuhættir í úthverfum, þar sem vatnsskortur er mestur.

Umræða 17. desember.

Bókun Þ. B., varðandi loftvarnarnefndina, fyrirspurn svarað í dagblöðum. Brunatryggingar, samningur við Almennar tryggingar rennur út. Útboð brunatrygginga. Útsvarsmál. Útsvarsskyldar tekjur.

Faxi s.f. greinargerð um rekstur félagsins.

Fyrirspurn um fjárhagsáætlun: erfitt að nálgast fjárhagsáætlunina, tekjur, gjöld, eignabreytingar, hitaveitan, álagning, kaupgjaldsvísitalan o.fl.

Örk 4

Málasafn 1954, umræður í bæjarstjórn janúar til mars.

Umræða 7. janúar.

Síldarbræðsluskiptið Hæringur, að það verði flutt úr Reykjavíkurhöfn.

Tillögur Þ. B., um húsnæðismál og hitaveitumál.

Gjaldahækkanir, fjármál, fjárhagsráð, ný dráttarbraut í Reykjavík.

Skipanaust, nauðsyn að hafnar verði að nýju framkvæmdir við hina fyrirhuguðu dráttarbraut hf. Skipanausta við Elliðaárvog, eins og atvinnumálanefnd hefur rökstutt rækilega í áliti sínu.

Láta Slippfélagið byggja brautina, innan hafnarinnar, en athuga með að taka lægsta tilboði.

Umræður 21. janúar.

Koma í veg fyrir innflutning á vörum sem hægt er að framleiða hérlandis með jafngóðum árangri.

Útgjöld, eignir, tap, lýsi, eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Setning heilbrigðissamþykktar og eftirfylgni. Um mjólk og mjólkurvörur.

Umræður 18. febrúar.

Dæmi um fjármálastjórn íhaldsins: aukning skrifstofuhúsnæðis, skuldir tvöfaldast, vaxtabirgði tífoldast, nýlegir sjóðir bæjarins eyddir, þar á meðal Ráðhússjóður. Breytingatillögur bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Umræður 25. febrúar.

Tillögur: ýmislegt m.a. tryggingafélög, brunatryggingar, slysatryggingar o.fl.

Umræður 18. mars.

Veruleg útsvarsfríðindi til togarasjómannanna og annarra fiskimanna nú þegar þar sem erfiðlega gengur að fá nægilega marga menn á yfirstandandi vertíð.

Bæjarstjórn lýsir sig andvíga dvöl varnarliðsmanna utan samningssvæða sinna o.fl.

Umræður 31. mars.

Brunatryggingar í Reykjavík, ráðstöfun brunatrygginga og heimild til að ganga til samninga.

Örk 5

Málasafn 1954, umræður í bæjarstjórn apríl til júlí.

Umræða 13. apríl.

Útrýming braggaíbúða.

Umsögn fasteignaeigendafélagsins, Íslensk endurtrygging, varðandi brunatryggingar.

Sterk tryggingafélög, óþarfur sósíalismi, tryggingastarfsemi austantjalds.

Brunahætta.

Breytingar á verðlagi, stórfeldar gengisbreytingar, heildariðgjöld.

Tryggingar árið 1953-1954. Tilboð Samvinnutrygginga. Tilboð Ásgeirs

Þorsteinssonar.

Áhætta bæjarins er 1,25 promíle.

Bæjarstjórn samþykkir að gefa brunatryggingar húseigna frjálsar, ekki þykir ástæða til að bæjarstjórn taki brunatryggingar í sínar hendur, hagur húseigenda o.fl.

Umræður 6. maí.

Brýn þörf á auknum íbúðabyggingum í bænum, óviðunandi að skortur á lóðum sé látin standa í vegi fyrir byggingu þeirra íbúða sem fyrirhugaðar eru.

Tillaga. Bæjarstjórn samþykkir að hefja nú þegar byggingu 100 íbúða til viðbótar þeim 56 íbúðum sem ákveðið var á síðasta bæjarstjórnarfundi.

Tilbúnað 1500 lóðir til úthlutunar.

Umræður 3. júní.

Fyrirspurnir: Vextir af láni Vatnsveitunnar hjá Hitaveitunni.

Um Tjörnina.

Um kirkjugarðinn.

Um Innkaupastofnun og innkaupsverð vara. Burtfelling bæjarútgjalda.

Um hallarekstur ýmissa stofnana.

Álögur og útgjöld, um fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar 1953.

Ástæður fyrir því að útgjöld bæjarins fóru ekki framúr áætlun o.fl.

Umræður 1. júlí.

Breyting Reykjavíkur úr þorpi í bæ og svo í borg. Breytingin er á öllum sviðum.

Byggðasafn. Í Reykjavík er mikið verkefni, vegna hinna miklu atvinnubreytinga.

Þegar hefur verið gert:

1. Árbær.
2. Skjala- og minjasafn (skrifstofa).
3. Reykjavíkursýning.

Það sem þarf að gera:

1. Safna saman í eina heild því sem til er.
2. Allir þættir atvinnu og menningarlífs séu með í safninu.
3. Þess vegna verður safnið að vera úti að miklu leyti.
4. Almennigur fái safnsins notið.

Bæjarstjórn samþykki að hefjast handa um að koma á fót byggðasafni Reykjavíkurbæjar.

Lóðaúthlutun í Laugarási.

Vínveitingaleyfi, heimilishjálp í viðlögum o.fl.

Örk 6

Málasafn 1954, umræður í bæjarstjórn ágúst til desember.

Umræða 19. ágúst.

Umsögn heilbrigðisnefndar um tillögu fjögurra bæjarfulltrúa um rannsókn á öllu

lélegu og heilsuspillandi húsnæði.

Íbúa úthverfanna skortir margt: Vatnsleiðslur, skolpleiðslur, rafmagn, götur, frárennsliskerfi, þjónusta SVR, biðskýli o.fl. Flest nauðsynleg og sjálfsögð þægindi í nútíma bæjarfélagi.

Það er ekki hægt að byggja brunahana því þá þyrfti að leggja vatnsveitu.

Það er ekki hægt að leggja vatnsveitu því þá þyrfti að leggja skolpveitu.

Það er ekki hægt að leggja skolpveitu því að þá yrði að ákveða götur o.s.frv.

Skipulagsmenn bæjarins skulu hefjast nú þegar handa um að gera skipulagsuppdrátt af Breiðholtshverfi.

Umsagnir um vínveitingaleyfi.

Hæringur, greinargerð.

Umræður 2. september.

Manntalsskrifstofan, starfsmenn, laun, sparnaðarnefnd, að gera ráðstafanir til að fella niður

Manntalsskrifstofu og tilkynna fólki aðsetursskipti, notast skal við

allsherjarspjaldskrá.

Um að byggja strætisvagnaskýli með sölubúðum á átta stöðum og hvernig einstaklingar og félagasamtök geti orðið aðilar þessara framkvæmda.

Um Rafmagnsveituna og spurningar um hana.

Umræða 7. október.

Tillaga frá mér um byggðasafn (í Viðey). Leita samning um kaup á Viðey.

Tillögur minnihlutans: Gatnagerð, verkamannahús við höfnina, heilsuspillandi húsnæði, brot steingarða á gatnamótum og vatnsveituframkvæmdir.

Velja ráðhúsi stað í miðbænum og hraða undirbúningi þess.

Traustsyfirlýsing Þ. B.

Um aðdraganda að stofnun minja- eða byggðasafns í Reykjavík.

Umræður 21. október.

Mýrargata, endurgerð og slysaætta.

Verðlaun fyrir sparnaðartillögur.

Umræða 4. nóvember.

Slökkviliðsstjóri láti fara fram ítarlega rannsókn á brunahættu í íbúðarbröggum.

Loftvarnarnefnd.

Fjöldi nýrra íbúða og fjölbýlishúsaíbúða.

Ráðningarstofan, Rafmagnsveitan, Hitaveitan.

Umræða 2. desember.

Kostnaður vegna framfærslu 1953-1953. Ýmis kostnaður.

Færslubreytingar og nýjar spennistöðvar.

Umræða 17. desember.

Lög um vinnumiðlun.

Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar - Vinnumiðlun Reykjavíkurbæjar, breytingatillaga.

Ýmsar spurningar varðandi hækkanir og eða lækkanir á þjónustu o.fl.

Setning fjárlaga, ólíkt hjá ríki og Reykjavíkurbæ, skýrsla *Með bundið fyrir augun.*

Breytingatillögur frá bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Ályktunartillögur frá bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Örk 7

Málasafn 1955, umræður í bæjarstjórn janúar til maí.

Umræða 6. janúar.

Umsóknir um lokun verslana kl. 23:30.

Bæjarstjórn ákveður að leyfa byggingu söluturna á eftirtöldum stöðum ...

Kostnaður við brunatryggingar í Reykjavík, punktar um tryggingamál o.fl.

Umræður 3. febrúar.

Borgarmyndun í Reykjavík og afleiðingar hennar.

Aukin umferð og hætta vegna umferðar ökutækja.

Umferðaslys, úrbætur, samvinna.

Þ. B. Efna skal til ráðstefnu um umferðarmál í bænum, með það að markmiði

að draga úr slysum o.þ.h.

Umræður 17. febrúar.

Fyrirspurn um ofangreinda ráðstefnu og hvers vegna tillagan hefur ekki verið lög fram í bæjarráði?

Úthlutun nýrra íbúða og leita eftir samningum við einstaklinga og félög, um úthlutun til fjölskyldna sem búa í lélegu húsnæði.

Hve margar umsóknir um húsalóðir og athafnasvæði, eru óafgreiddar í bæjarráði.

Svar við spurningum frá 3. júní 1954.

Nýjar íbúðir og ráðstöfun þeirra og fjöldi.

Skipting arðs og auðs, aðalatriði.

Hugleiðingar Þ. B. varðandi m.a. launahækkanir, váttryggingagjöld, skattaeftirlit, umsjón með framkvæmdum.

Lög um fræðslu barna frá 1946. Framkvæmd, skólanefndir, fræðsluráð, leik- og kennslutæki o.fl.

Bókasöfn Reykjavíkurbæjar. Útibú, lesstofur, bókasöfn kennara o.fl.

Fræðsluráði falið að vinna að því að aðstaða barna- og unglunga til að nota bókasöfn verði bætt.

Árás á fræðslufulltrúa, ýmis mál, nýtt embætti o.fl.

Umræður 17. mars.

Umsækjendur í um Bústaðavegshúsin.

Ráðstöfun íbúða í stað lélegs húsnæðis og bragga.

Ýmsir punktar: Leikvöllur við Bergstaðastræti, nefndir og ráð.

Bölvun vinnustöðvanna, allri geri sitt, vernda kaupmátt launa, stöðva verðbólgu o.fl.

Eyða þarf tortryggni verkalýðs í garð atvinnurekenda.

Umræður 5. maí.

Rafmagn í Kringlumýri.

Lausar stöður,

Lóðaréttindi í Blesugróf, á að veita húseigendum í Blesugróf og Breiðholtshverfi lóðaréttindi! (Óleyfishús).

Hafa félagssamtökin *Sameinaðir verktakar* verið gert að greiða útsvar hér í bæ o.fl.

Örk 8

Málasafn 1955, umræður í bæjarstjórn júní til ágúst.

